# Tilkynning um kæru nr. 1362023, stjórnvald.

| | |
|---|---|
| Búið til | 5.12.2023 11:19:29 |
| Höfundur | Anna María Arnardóttir |
| Móttekið dags. | 5.12.2023 10:41:26 |
| Tilheyrir | USK23120023 - Lágmúli 6-8 - Tilkynning um kæru nr. 136/2023 |

## Efni

Tilkynning um kæru nr. 1362023, stjórnvald.

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Móttekið dags. | 5.12.2023 10:41:26 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Málalykill | 00.14.02 Kærur og dómsmál | | |
| Lykilorð | kærur | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is |
| Cc | [redacted] |

## Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 7. nóvember 2023 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um að kæranda sé gert að fjarlægja LED-skilti að stærð 580x580 sem er staðsett á SV-vegg hússins nr. 6-8 að Lágmúla.
K æran barst með gögnum máls nr. 125/2023 og misfórst þar til nú að koma málinu í farveg.
Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

**Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ;     ;   &nb sp;  **
Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavik, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C7edc3aaea0b7491ef28908dbf57ebe30%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638373698398772437%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=sPNccnwikqOpmamyf6NK40212rW%2FkHTkj1yR8tXXm2I%3D&reserved=0) - Fyrirvari/Disclaimer (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C7edc3aaea0b7491ef28908dbf57ebe30%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638373698398772437%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=j8IWa9THtfCG8VUMXjq2%2F1vsMn3wwSDMTS5gdhsNoUg%3D&reserved=0)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

 

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2023

# K Æ R A

## vegna kröfu um að fjarlægja skilti

Til mín hefur leitað félagið Ormsson hf., kt. 530509-0360 (hér eftir „kærandi") og óskað eftir aðstoð við að koma á framfæri kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar um Ormsson fjarlægi rafrænt ljósaskilti 580x580 á S-V vegg húss nr. 6-8 við Lágmúla. Kristján Ásgeirsson arkitekt sendi vel rökstudda beiðni fyrir byggingarleyfi ásamt teikningum og mælingum, sem var hafnað og er krafa um að skiltið sé fjarlægt byggt á þeirri forsendu að byggingarleyfi var synjað.

Kærandi kærði þá ákvörðun 25. október sl. og mun leggja fram greinargerð til úrskurðarnefndar samhliða kæru þessari, dags. 7. nóvember 2023.

### I. Hinar kærðu ákvarðanir

**Kærð er sú ákvörðun byggingafulltrúa um að fjarlægja LED-skilti að stærð 580 x 580 sem er staðsett á S-V vegg hússins nr. 6-8 við Lágmúla.**

### I. Kröfur kæranda

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Krafist er þess að ákvörðun um að synja um byggingarleyfi á rafrænu ljósaskilti á S-V gafli hússins nr. 6 – 8 að Lágmúla verði felld úr gildi. Einnig er þess krafist að byggingarleyfið verði veitt.

Ef byggingarfulltrúi eða skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar telja að búið sé að leggja á dagsektir þá er þess krafist að slík ákvörðun verði felld úr gildi.

### II. Málsástæður og sjónarmið kæranda

Kærandi vísar til þeirra sjónarmiða sem fram koma í kæru og greinargerð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á ákvörðun byggingafulltrúa um að synja byggingarleyfi. Um er að ræða forsendu þeirrar ákvörðunar að krefjast þess að skiltið verði fjarlægt.

Kærandi telur að ef fallist verði á fyrri kæru þá bresti grundvöllur kröfu um að fjarlægja skiltið. Kærandi telur þó rétt að kæra ákvörðunina til öryggis. Vísast til allra sjónarmiða sem fram koma í kærunni dags. 25.10.2023 og greinargerðar dags. 7.11.2023.

Því til viðbótar er fyrirhuguðum dagsektum sérstaklega hafnað. Um er að ræða alltof háar dagsektir sem eru í engu samræmi við aðrar dagsektir. Þá skortir alfarið að það sé útskýrt á hvaða grundvelli slík fjárhæð sé fundin út eða reiknuð, til að kærandi geti yfir höfuð gert ágreining um slíka fjárhæð eða haft á henni einhverja skoðun.

Reykjavík, 7. nóvember 2023

Fyrir hönd Ormsson

Vilhjálmur P. Á. Vilhjálmsson hrl.